

Fundur 29.4.2024 Sveinn Haraldsson miðill.

Komið þið sæl og blessuð.

*Já góða kvöldið.*

Vona ég að mér takist vel að koma erindi mínu í gegn og tala ég frá mikilli stjörnusambandsstöð, og ég hér öflugur og magnaður og hef ég undirbúið mig vel.

Var ég ekki nógu vel fyrir kallaður síðast þegar ég talaði til ykkar, en hyggst ég bæta úr því.

Gleður það mig að komast aftur í sambandið eftir nokkurt hlé og ætla ég loksins að láta úr því verða að segja frá erfiðleikum þeim sem ég lenti í, þegar ég var ný kominn yfir á aðra jörð og fékk ég ekki sagt frá því fullkomlega, heldur aðeins í grófum dráttum, í fyrsta skiptið sem ég kom í sambandið og hyggst ég nú bæta úr því.

*Ert þú Sveinn ?*

Já,

*Komdu sæll.*

Gömlu félagar, þakka ykkur fyrir, gleður mig að komast aftur í sambandið, ég rifjaði þetta upp og ræddi við fólk um þetta og það sem gerðist tók ekki marga mánuði af lífi mínu, en var samt áhrifaríkt.

Og óþægilegt, vakti mér óþægindi, komst ég yfir á hnött þar sem lífstefna var ekki ríkjandi, og má víst segja að ég hafi lært að tímaskyn manna er mjög mismunandi eftir því í hverju þeir lenda og upplifunin getur varað mis lengi og minningarnar verið mis sterkar.

Kom ég síðar fram á góðum hnetti, þar sem ég hef verið síðan og nýt hér góðs atlætis og nýt hér lífsins.

En einn félagi ykkar hafði rétt fyrir sér, þegar hann spurði mig hvort að ég hefði lent á vitlausraspítala, einhverju slíku, það voru einmitt réttar lýsingar, samkvæmt þeim lýsingum sem ég gaf sjálfur á þessum fyrstu fundum.

*Já eitthvað er mig nú að ráma í þetta samtal.*

En engu að síður er það nú svo að nauðsynlegt er nú að fræðast um það mannfélags ástand sem þar er ríkjandi, til þess að geta sagt ykkur betur frá þessu, en minningar mínar tengjast því, að reynt var að fá mig til að skipta um skoðun.

Og því var haldið fram að við sem vorum ákveðinnar skoðunnar væru hættuleg og þyrfti að láta okkur skipta um skoðun og má með réttu kalla það pyntingar og yfirheyrslur og ýmsar slíkar aðferðir sem ekki eru góðar.

Og minnst ég þess að þegar verst lét, fór ég að efast um sjálfan mig og ýmislegt sem tilheyrði mínu lífi og minningar urðu óglöggar.

En andlát fór fram, ég andaðist á þessum hnetti, þar sem ég lét ekki undan og kom ég þá fram á betri hnetti, en

*Varst þú drepinn ?*

Það mun hafa verið einhvers konar sambland af því og harðræði og óvilja verks, en ekki voru allar mínar minningar glöggar um þetta.

En hefur mér verið hjálpað að rifja það upp, en voru það sumir sem létu undan og lifðu þar lengur en aðrir sem ekki hlutu góð örlög og létu ekki undan.

Munu þeir vera ýmsir hnettirnir sem eru þannig, þar sem helstefnan er mjög slæm og þar sem reynt er að fá framámenn lífstefnunnar til að skipta um skoðun.

Fékk að komast að því síðar að Þorsteinn Guðjónsson og aðrir góðir Nýalssinnar hafi, það sem sumir kalla, beðið fyrir mér, en það mun nær vera sanni, að mér hafi verið send orka til að standast þessa þolraun og reynt hafði verið að fylgjast með atburðarrásinni og fá hana í rétt horf, sem svo varð vissulega.

Vakti þetta áhuga minn að hjálpa þeim sem svipað eru staddir og vakti þetta áhuga minn á því að koma saman sitjurum í sérstökum tilgangi til þess að hjálpa ýmsum sem þannig hafa lent í hremmingum og mætti margt merkilegt um það segja.

Hafa þeir fundir ekki allir gengið vel upp, en margir þeirra hafa þó skilað árangri og vil ég gjarnan segja frá því síðar við tækifæri.

*Endilega.*

Já það má víst með sönnu segja að þar hafi Jahve ríkt á þessum fyrsta hnetti og sé verið að fylgjast með því hvar á frumlífs jörðunum lífstefnan kemur fram og hin réttu sannindi og hvar reynt er að stöðva slíka framsókn lífstefnunnar og sannleikans og fá þá menn til að skipta um skoðun.

Og hefði vafalaust verið reynt að halda áfram á ykkar jörð með einhverjum bolabrögðum og er víst ekki hægt að neita því að margskonar spilling og neikvæðir atburðir gerast enn á gömlu jörðinni og helstefnan ríkir eins og Helgi Pjeturss orðaði þetta og gerir enn.

En hér í framlífi lifi ég góðu lífi og gleður það mig að dóttir mín komst í sambandið og er það unga kynslóðin sem gleður mest og er einlæg og er ég einnig þakklátur því að langamma hennar komst í sambandið og talaði til ykkar og útskýrir það að nokkru leyti sambands örðugleika og að ég hafi ekki viljað útskýra það í smá atriðum, en kem ég kannski inn á það seinna.

Vildi ég gjarnan að fleiri fengju að tjá sig af þessu fólki en það kemur allt í ljós og get ég ekki verið viss um að það takist, en þykir mér mjög dýrmætt að fá stuðning gömlu félaganna í starfi mínu hér í framlífi og stuðning fjölskyldunnar að mestu leiti.

En enn þá eru þar ýmis kristileg áhrif sem ég kannski segi frá síðar, en það er eins og gengur og gerist, fólk er mis lengi að átta sig, eru það nokkrir ættingjar mínir sem hingað eru ný komnir sem þannig er ástatt er um.

Haukur er hér kampakátur og fleiri gamlir félagar og vildi ég gjarnan rifja upp liðna tíð, er margs að minnast og ég vona ég að þið getið haldið fund undir berum himni, eins og við gerðum stundum og njótið sumarsins.

Og hef ég heyrt að þigvellir séu ekki eins opnir lengur eftir að bústaður brann þar, en minnst ég þess að gott var að halda fræðslufundi að sumri til og fá vísindamenn og aðra til að halda erindi og kynna sér hin Nýölsku málefni.

Ætla ég nú ekki að hafa þetta mikið lengra að sinni en gleður það mig að mér tókst betur að koma erindi mínu fram.

Vil ég nú kveðja ykkur og þakka fyrir og verið þið öll sæl og blessuð.

*Vertu blessaður Sveinn og þakka þér fyrir.*